

Nr. 6/1997. Föstudaginn 11. júlí 1997.  
**Bandalag háskólamanna**

**f.h. Félags fréttamanna**

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

**ríkissjóði Íslands**

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Kjarasamningur. Dagapeningar. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 26. júní sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Guðný Björnsdóttir, Sigurður T. Magnússon og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna, kt. 630387-2569, Lágmúla 7, Reykjavík, f.h. Félags fréttamanna, kt. 630185-0849, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila dagsettum 15. maí 1995, rétt á óskertum dagpeningum þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefndi hafi við uppgjör dagpeninga við eftirtalda félagsmenn stefnanda vegna eftirtalinnna ferðalaga þeirra á vegum Ríkisútvarpsins vanefnt ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi málsaðila í þeim mæli sem hér segir:

Nafn fréttamanns:	Brottför:	Komudagur:	Vangreidd fjárhæð:
Friðrik P. Jónsson	240196	280196	SDR 168
Ólöf R. Skúladóttir	010496	040496	SDR 168
Ólafur Sigurðsson	130496	180496	SDR 356
Ásgeir Tómasson	140596	170596	SDR 252

Helgi H. Jónsson	140596	170596	SDR 252
Jóhann Hauksson	260696	290696	SDR 176
Hermann Sveinbjörnsson	190996	230996	SDR 301
Páll Benediktsson	190996	230996	SDR 301
Kristín Þorsteinsdóttir	251096	291096	SDR 301
Páll Benediktsson	301096	051196	SDR 258
Hrannar Pétursson	231196	281196	SDR 344.

Einnig gerir stefnandi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málskostnaði, en stefnandi kveðst ekki njóta frádráttarréttar á móti þeim skatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að til-dæmdur verði málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

*Málavextir.*

Stefnandi gerir þá grein fyrir málavöxtum, að Félag fréttamanna sé eitt af aðildarfélagum Bandalags háskólamanna. Félag fréttamanna sé stéttarfélag sem hafi sjálfstæðan samningsrétt samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kaup og kjör félagsmanna sinna sem starfa hjá ríkinu og hafi gert kjarasamning við stefnda 15. maí 1995. Með þeim samningi hafi tilteknum atriðum í eldri kjarasamningi aðila verið breytt, en samningurinn að öðru leyti framlengdur óbreyttur með gildistíma til 31. desember 1996. Nýr kjarasamningur hafi ekki verið gerður og beri aðilum því samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986 að fara eftir þessum kjarasamningi þar til nýr hefur tekið gildi.

Stefnandi kveður grein 5.6. í kjarasamningi aðila vera svohljóðandi:

5.6. Dagpeningar erlendis.

5.6.1. Annar ferðakostnaður (þ.e. annar en fargjöld, innsk. stefnanda) á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum, sem skulu ákveðnir af nefnd skv. 5.8.

5.6.2. Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld.

Stefnandi kveður það hafa gerst alloft á gildistíma kjarasamnings aðilanna að fréttamenn hafi verið sendir utan á vegum Ríkisútvarpsins í ferðir, sem stofnunin hefur skilgreint sem boðsferðir. Ástæðulaust þykir að gera hér grein fyrir aðdraganda að ákvörðunum um að senda fréttamenn í slíkar ferðir, en aðalatriði í því sambandi telur stefnandi vera að stofnunin hefur sent þessa starfsmenn sína til útlanda vegna starfseminnar. Viðkomandi fréttamenn hafi því farið slíkar ferðir samkvæmt ákvörðun yfirmanna sinna hverju sinni.

Heldur stefnandi því fram að við uppgjör ferðakostnaðar vegna slíkra ferða, þ.e. þeirra sem Ríkisútvarpið hefur skilgreint sem boðsferðir, hafi stofnunin, Ríkisútvarpið, aðeins greitt viðkomandi fréttamönnum hluta þeirra dagpeninga sem þeir hafi átt rétt á hverju sinni. Ástæða þessa sé sú, að Ríkisútvarpið hafi „ákveðið“ að greiða í svokölluðum boðsferðum aðeins hálfu dagpeninga og að í slíkum ferðum skuli dagpeningar ekki greiddir þá daga sem ferðalög að og frá landinu standa.

Stefnandi kveður tilraunir stéttarfélagsins til að fá þetta leiðrétt ekki hafa borið árangur, og hann telji þess vegna óhjákvæmilegt að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá skorið úr þessum ágreiningi í eitt skipti fyrir öll. Raunar hafi mál um viðurkenningarkröfu vegna þessa verið rekið fyrir Félagsdómi, mál nr. 16/1996, en því verið vísað frá dómi vegna vanreifunar með úrskurði 17. janúar 1997. Sá úrskurður hafi verið staðfestur að niðurstöðu til í Hæstarétti 4. febrúar 1997.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi kveðst höfða mál þetta fyrir Félagsdómi samkvæmt heimild í 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Af hálfu stefnanda er aðalkrafan í málinu á því byggð að óhjákvæmilegt sé að afla viðurkenningardóms um skyldu stefnda til að greiða viðkomandi félagsmönnum stefnanda óskerta dagpeninga á ferðalögum þeirra erlendis á vegum vinnuveitandans, þar sem stefndi hafi í ákveðnum tilvikum neitað að greiða slíka dagpeninga óskerta samkvæmt áðurgreindu ákvæði kjarasamnings aðila og ætla má að þeirri framkvæmd verði áfram haldið nema dómur gangi um annað.

Stefnandi kveðst telja að réttur félagsmanna hans til dagpeninga-

greiðslna á grundvelli kjarasamnings geti í engum tilvikum átt að ráðast af því hvort ríkið eða stofnanir þess beri allan kostnað af ferð starfsmannsins. Meginatriði í því sambandi sé að starfsmanninum hafi ekki sjálfum verið boðið í tiltekna ferð, heldur hafi stofnuninni verið boðið að senda mann og hún ákveðið að þiggja boðið. Þegar þannig standi á beri stofnuninni að greiða þeim starfsmönnum sem hún sendir óskerta dagpeninga samkvæmt kjarasamningi.

Stefnandi telur að hin umdeilda afstaða stofnunarinnar hafi enga stoð í kjarasamningi málsaðila, heldur fari hún beinlínis þvert á ákvæði greinar 5.6., sbr. og grein 5.8. í sama kjarasamningi, en samkvæmt síðarnefndu greininni skulu dagpeningar ákveðnir af sérstakri nefnd, ferðakostnaðarnefnd. Sú nefnd hafi með umburðarbréfi dagsettu 1. nóvember 1994 kunnert ákvarðanir sínar varðandi greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Í þeim kafla umburðarbréfsins sem fjallar um það sem kallað er almennir dagpeningar komi m.a. eftirfarandi fram:

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði, gistingu, minni háttar risnu og hvers konar útgjöld.

Stefnandi kveður þessa reglu hafa verið túlkaða þannig í framkvæmd, ágreiningslaust til skamms tíma, að dagpeninga beri að greiða frá þeim tíma er ferð hefst og þar til henni lýkur. Ákvörðun Ríkisútvarpsins um að víkja frá þessu í þeim ferðum sem stofnunin skilgreinir sem boðsferðir telur stefnandi ólögætta.

Stefnandi kveður ferðakostnaðarnefnd hafa með auglýsingu nr. 3/1996, útg. 6. júní 1996, kunnert ákvarðanir nefndarinnar um dagpeninga til greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis á vegum ríkisins, með gildistöku 1. júní 1996. Samkvæmt þeirri ákvörðun hafi almennir dagpeningar verið ákvarðaðir þannig:

		Gisting Annað Samt.		
Svíþjóð, Bretlandi, Sviss og Tokyo	SDR	95	86	181
New York	SDR	97	65	162
Annars staðar	SDR	78	86	164.

Stefnandi kveður Ríkisútvarpið hafa vikið verulega frá þessum reglum við uppgjör dagpeninga, a. m. k. í eftirtöldum tilvikum:

Nafn fréttamans:	Brottför:	Komu- dagur:	Hvað var greitt:	Hvað átti að greiða:
Friðrik P. Jónsson	240196	280196	SDR 252	SDR 420
Ólöf R. Skúladóttir	010496	040496	SDR 168	SDR 336
Ólafur Sigurðsson	130496	180496	SDR 148	SDR 504
Ásgeir Tómasson	140596	170596	SDR 84	SDR 336
Helgi H. Jónsson	140596	170596	SDR 84	SDR 336
Jóhann Hauksson	260696	290696	SDR 168	SDR 344
Hermann Sveinbj.	190996	230996	SDR 129	SDR 430
Páll Benediktsson	190996	230996	SDR 129	SDR 430
Kristín Þorsteinsd.	251096	291096	SDR 129	SDR 430
Páll Benediktsson	301096	051196	SDR 448	SDR 706
Hrannar Pétursson	231196	281196	SDR 172	SDR 516.

Stefnandi byggir á því að sú tilhögun sem Ríkisútvarpið hefur einhliða „ákveðið“ og lýst var hér að framan fari í bága við ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi aðila að tvennu leyti:

1. Stofnunin hefur ákveðið að greiða aðeins hálfan dagpeninga í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.
2. Stofnunin hefur ákveðið að greiða ekki dagpeninga á ferðalögum í þeim ferðum sem hún sjálf skilgreinir sem boðsferðir.

Tekið er fram að fyrir hefur komið að stofnunin hafi gert dagpeninga í svokölluðum boðsferðum upp með þeim hætti að annar þessara tveggja liða hafi verið réttilega gerður upp.

Rétt þykir að gera einnig grein fyrir því að algengt er að gistingarkostnaður sé greiddur sérstaklega fyrir viðkomandi starfsmenn á slíkum ferðalögum, og sé honum þá haldið utan við uppgjör dagpeninganna, svo sem reglur ferðakostnaðarnefndar geri ráð fyrir.

Um lagastoð fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til þeirrar meginreglu íslensks réttar að samninga beri að efna (*pacta sunt servanda*) og vísar til áður nefndra greina kjarasamnings aðila. Telur stefnandi að einhliða ákvarðanir ríkisstofnana, sem fara í bága við kjarasamningsákvæði, séu ólögmatar og geti ekkert gildi haft, hvort sem einhverjir hafi látið þær yfir sig ganga á einhverjum tímum eða ekki.

Stefnandi gerir kröfu um dóm þess efnis að viðurkenndur verði réttur til óskertra dagpeninga á ferðalögum erlendis á vegum vinnuveitandans. Með óskertum dagpeningum á stefnandi við að dagpen-

ingar skuli að fullu gerðir upp á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma og að skilgreiningar stofnunarinnar á ferðum sem „boðsferðir“ eða eitthvað annað skipti í því sambandi engu máli.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að réttur til dagpeninga samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum kjarasamnings aðilanna sé óháður raunverulegri peninganotkun starfsmannsins í viðkomandi ferð.

Stefnandi kveðst telja ástæðu til að geta þess sérstaklega, að hann telur stefnda ekki geta einhliða ákveðið aðrar viðmiðanir við uppgjör dagpeninga en þær sem ferðakostnaðarnefnd hefur ákvarðað á hverjum tíma, þannig að hlutur starfsmanna verði lakari. Stefnda sé hins vegar í sjálfsvald sett að setja reglur sem veiti starfsmönnum betri rétt. Stefnandi kveður reglur nr. 39, 3. febrúar 1992, sbr. auglýsingu nr. 569, 20. október 1994, ekki vera hluta af kjarasamningi aðila máls þessa, en bendir á að samkvæmt 5. gr. þeirra reglna teljist bæði brottfarardagur og heimferðardagur til ferðatíma við uppgjör ferðakostnaðar vegna ferðalaga starfsmanna á vegum ríkisins. Við túlkun á hinum tilvitnuðu greinum kjarasamningsins og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar beri að leggja sama skilning til grundvallar um sama efni, m.a. út frá jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995 og meginreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Stefnandi gerir þá grein fyrir varakröfu sinni í málinu, að telji Félagisdómur ekki fært að kveða upp viðurkenningardóm um ágreiningsefni aðilanna í samræmi við aðalkröfu stefnanda, þá verði að leysa úr ágreiningi aðila um skilning á kjarasamningi þeirra út frá einstökum tilvikum þar sem stefnandi telur kjarasamninginn hafa verið vanefndan. Um málsástæður og rökstuðning fyrir kröfunni eigi allt hið sama við og um aðalkröfuna að breyttu breytanda.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991 og áréttar að við ákvörðun málskostnaðar beri að taka tillit til þess að stefnandi ber kostnað af virðisaukaskatti af málskostnaði.

Málið er höfðað gegn ríkissjóði Íslands samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, en þeir félagsmenn stefnanda sem mál þetta varðar eru ríkisstarfsmenn, en stefnandi upplýsir jafnframt að Ríkisútvarpið er ein þeirra stofnana ríkisins sem fjármálaráðherra hefur falið

að annast framkvæmd kjarasamninga gagnvart starfsmönnum sínum.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er tekið fram að óumdeilt sé að ákvæði greina 5.6. og 5.8. í kjarasamningi aðila séu í gildi milli aðila málsins um kjör félagsmanna stefnanda. Eftir ákvæðum þessum lúti ákvörðun dagpeninga reglum ferðakostnaðarnefndar. Aðilar virðist sammála um að til grundvallar greiðslu dagpeninga skuli farið eftir reglum ferðakostnaðarnefndar, sbr. umburðarbréf nefndarinnar frá 1. nóvember 1994. Stefnandi hafi aðeins vitnað til 1. töluliðar í kafla bréfsins sem fjallar um almenna dagpeninga, en 2. töluliður sama kafla hljóðar svo:

„Styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skulu koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Til grundvallar skulu liggja annars vegar dagpeningar vegna gistikostnaðar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar og hins vegar eftirfarandi hlutfallsleg skipting á öðrum kostnaði:

- a) Fæði 70%
- b) Annar kostnaður 30%.

Heimilt er að víkja frá þessari viðmiðun ef unnt er að sýna fram á að önnur hlutfallsleg skipting falli betur að aðstæðum í viðkomandi borg/landi.“

Samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins nr. 39/1992, sbr. auglýsingu um breytingu á þeim nr. 569/1994, sé mælt fyrir um að styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem ríkisstarfsmenn njóti meðan á dvöl erlendis standi skuli koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem unnt sé að meta hverju sinni. Einnig sé kveðið á um að greiði aðrir aðilar en íslenska ríkið hluta kostnaðar við ferðalög sem farin séu til útlanda í erindum ríkissjóðs greiði viðkomandi ráðuneyti mismun þess sem greitt sé af öðrum og greiðslu samkvæmt reglunum (7. gr.). Um þessar reglur séu fyrirmæli ferðakostnaðarnefndar í nefndu umburðarbréfi hliðstæðar, en reglurnar eigi sér meðal annars stoð í lögum nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins.

Lengi hafi verið stuðst við þá viðmiðunarreglu hjá Ríkisútvarpinu

þegar um boðsferðir sé að ræða að greiddir séu hálfir dagpeningar aðra daga en ferðadaga, þegar ekki hafi legið fyrir upplýsingar í upphafi ferðar um þann kostnað sem ferðalangar myndu þurfa að bera. Hafi fjármáladeild stofnunarinnar iðulega skort upplýsingar um ferðatilhögun og ferðakostnað fyrir upphaf ferðar og því ekki haft forsendur til að meta dagpeningaþörfina eftir framangreindum reglum. Viðmiðunarregla þessi hafi þó ekki verið einhlít og ekki verið sett til höfuðs ákvæðum kjarasamnings.

Bent er á atriði sem stefndi telur að ættu að valda frávisun málsins án kröfu. Aðalkröfu málsins telur stefndi vera viðtæka og óljósa og að ekki séu skilyrði til að leggja á hana efnisdóm; ráði krafan ekki ákveðnu sakarefni til lykta á einn veg eða annan og sé ekki tengd ágreiningsefni málsins er lúti að greiðslu dagpeninga í svokölluðum boðsferðum. Aðalkrafa stefnanda sé samhljóða kröfu er hann hafði uppi í félagsdómsmálinu nr. 16/1996. Með úrskurði Félagsdóm í því máli frá 17. janúar síðastliðinn var máli því vísað frá dómi sökum þess að leitað væri dóms um almenn ákvæði kjarasamnings aðila um dagpeninga, en dómsorð í þá veru sem krafan laut að myndi ekki ráða ákveðnu sakarefni til lykta á einn veg eða annan. Hafi frávisunarúrskurður einnig verið á því byggður að hvorki krafa stefnanda þessa efnis né málsreifun lægi fyrir svo að unnt yrði að dæma um málatilbúnaðinn í ljósi þeirra reglna sem gildi um ákvörðun dagpeninga í kjarasamningi aðila, umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar, dags. 1. nóvember 1994 eða reglna nr. 39 frá 3. febrúar 1992 með síðari breytingum. Þá greindi í forsendum úrskurðarins að ekki væri gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda hefðu sjálfir í þeim tilvikum sem um ræddi orðið að bera kostnað sem dagpeningum væri ætlað að mæta. Hafi frávisunarúrskurður Félagsdóms með vísan til þessa verið byggður á 1. mgr. 25. gr. og d, e og f liðum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í dómi Hæstaréttar hafi frávisunarúrskurðurinn verið staðfestur með skírskotun til þeirra raka Félagsdóms að í sóknargögn skorti nákvæma skýringu á ágreiningsefninu með tilliti til ákvarðana ferðakostnaðarnefndar og að ekki væri gerð grein fyrir því í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum væri ábótavant samkvæmt þeim reglum. Stefndi bendir á að í raun hafi ekki verið bætt úr þessum annmörkum málsins.



Stefnandi hafi rökstutt aðalkröfu þannig að með óskertum dagpeningum sé átt við að þeir skuli að fullu gerðir upp á þeim grundvelli sem lagður hafi verið með ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma. Um það snúist ágreiningur málsins þó ekki, heldur um það hvernig fara skuli um ákvörðun dagpeninga í svonefndum boðsferðum. Eins og framan sé lýst hafi ferðakostnaðarnefnd ákveðið að dagpeningar sæti alla jafna frádrætti þegar styrkir og hlunnindi komi til. Reglur kjarasamningsins veiti rétt til dagpeninga vegna tiltekins kostnaðar. Það sé því ekki einhlítt að félagsmenn stefnanda eigi í öllum tilvikum ótvíræðan rétt til óskertra dagpeninga þegar þeir fari til annarra landa, þótt ferðir séu farnar á vegum Ríkisútvarpsins. Krafa stefnanda miði þannig að því að gera úr garði nýtt ákvæði kjarasamnings þessa efnis félagsmönnum stefnanda til handa en krafan varði ekki skilning á efni kjarasamnings eða gildi. Af hálfu stefnda sé enginn ágreiningur um það að félagsmenn stefnanda, sem starfa hjá Ríkisútvarpinu og fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, eigi rétt á óskertum dagpeningum samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi að skilyrðum þeirra ákvæða uppfylltum, þ.m.t. samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar um frádrátt styrkja og hlunninda og að dagpeningar séu metnir í hverju tilviki vegna sannanlegs kostnaðar. Óljósar útskýringar stefnanda um hvað felist í óskertum dagpeningum breyti ekki því hvernig meta eigi síðar réttaráhrif dómsorðs um kröfu stefnanda eins og hún sé orðuð, en sem fyrr segir sé hún ekki tengd meginágreiningsefni aðila.

Vegna formhliðar málsins er einnig bent á að óraunhæf sé sú mæliaðferð dagpeninga sem aðalkrafa stefnanda miði að. Dagpeningar séu ekki ákveðnir eins og um tímakaup væri að ræða en í því horfi sé dómkrafa stefnanda. Dagpeningar vegna ferða erlendis taki til annars kostnaðar en fargjalda milli landa. Taki þeir þannig til gisti- og fæðiskostnaðar, ferðakostnaðar milli flugvalla og innan þess svæðis sem dvalið sé á, minniháttar risnu og hvers kyns persónulegra útgjalda.

Varðandi aðalkröfu stefnanda byggir stefndi fyrst á því að sýkna verði af kröfu stefnanda þar sem hvergi sé til í kjarasamningi aðila regla um „óskerta dagpeninga“ í þeim tilvikum er starfsmenn fari til annarra landa á vegum stofnana og að þeir skuli greiddir fyrir tímabil frá því utanför hefst þar til henni lýkur. Ákvæði þessa efnis sé

ekki að finna í grein 5.6. í kjarasamningi aðila, heldur sé þar kveðið á um að af dagpeningum skuli greiða venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem lýst sé í grein 5.6.2. og sætir ákvörðun þeirra dagpeninga reglum ferðakostnaðarnefndar. Þar sem ekki sé fyrir hendi heimildarákvæði í kjarasamningi sem styðji aðalkröfu stefnanda um óskerta dagpeninga án tillits til einstakra tilvika og ferða telur stefndi að sýkna beri af aðalkröfu stefnanda. Stefnandi hafi engin rök lagt fram um það af hvaða ástæðum félagsmenn hans ættu að vera óbundnir af þeim reglum sem gilda eiga um frádrátt styrkja og hlunninda frá dagpeningum samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar.

Stefnandi byggir á því að réttur félagsmanna hans til dagpeninga-greiðslna á grundvelli kjarasamnings geti í engum tilvikum átt að ráðast af því hvort ríkið eða stofnanir þess beri allan kostnað af ferð starfsmanns. Óumdeilt sé að dagpeningar þeir sem greiddir voru í þeim tilvikum sem málið varðar voru ekki greiddir nema að því tilskildu að ferðirnar væru farnar á vegum Ríkisútvarpsins og með samþykki yfirmanna. Hins vegar sé réttur til dagpeninga einstaklingsbundinn og telur stefndi einu gilda hvort íslenska ríkið eða annar aðili greiði í raun þau útgjöld sem dagpeningum sé annars ætlað að mæta. Meginmáli skipti því ekki hver bjóði heldur hvaða kostnað viðkomandi starfsmaður sannanlega hafði og dagpeningum var ætlað að mæta. Í báðum tilvikum hafi styrkir og hlunnindi áhrif á ákvörðun dagpeninga, en samkvæmt 7. gr. reglna nr. 39/1992 segi að greiði aðrir aðilar en íslenska ríkið hluta kostnaðar við ferðalög sem farin séu til útlanda í erindum ríkisins greiði viðkomandi ráðuneyti mismun þess sem greitt sé af öðrum og greiðslu samkvæmt þessum reglum. Á sömu sjónarmiðum sé byggt í umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar sem fyrr greinir. Hafi starfsmaðurinn ekki borið kostnað af gistingu, fæði, ferðum á erlendri grund eða öðru sem dagpeningum sé ætlað að mæta, komi dagpeningar ekki þar á móti. Viðurkenningarkröfu sína geti stefnandi því ekki reist á framangreindri málsástæðu og beri því að sýkna stefnda af henni.

Aðalkrafa stefnanda ráðgerir að óskertir dagpeningar skuli greiddir frá því að utanför hefst og þar til heimferð lýkur. Þegar fyrir liggur að í boðsferðum hafi fargjöld verið greidd milli staða erlendis, svo og gisting og fæði, séu augljóslega ekki rök til að greiða dagpeninga fyrir brottfarar- eða komudaga. Stefnandi hafi enga

ógreidda kostnaðarreikninga lagt fram í málinu vegna þeirra ferða sem séu tilefni málsóknarinnar og varði sérstaklega brottfarar- og komudaga í ferðunum. Þá séu ekki lagðir fram farseðlar þar sem greina megi hvenær sólarhringsins haldið var utan eða komið heim, en þær upplýsingar myndu skipta máli um það hvort rétt hefði verið að greiða dagpeninga vegna kostnaðar þá daga þegar um boðsferð hafi verið að ræða. Þótt fallist yrði á að greiða hafi átt dagpeninga fyrir brottfarar og heimkomudaga nægi það ekki til að unnt sé að fallast á aðalkröfu stefnanda.

Um frekari rök fyrir sýknu af aðalkröfu stefnanda vísast einnig til eftirfarandi röksemda stefnda gegn varakröfu stefnanda.

Stefnandi byggir varakröfu sína á því að af hálfu Ríkisútvarpsins hafi verið vanefnd ákvæði greinar 5.6. í kjarasamningi aðila í tólf tilvikum er starfsmenn stofnunarinnar og félagsmenn stefnanda fóru utan í svonefndar boðsferðir. Stefndi mótmælir því að ákvæði kjarasamningsins hafi verið vanefnd. Stefndi telur sem fyrr segir ekki skipta máli hvort viðkomandi starfsmönnum sé boðið eða stofnuninni sjálfri, en óumdeilt sé að allar hafi ferðirnar verið farnar til fréttadóflunar á vegum Ríkisútvarpsins. Deilan hljóti að snúast um það hvaða kostnað starfsmenn hafi sjálfir borið sem annars hefði átt að greiða með dagpeningum. Í boðsferðum þar sem ekki liggja annað fyrir en að meginhluti kostnaðar hafi verið greiddur, svo sem ferðir milli flugvalla, milli staða erlendis, húsnæði og uppihald, hafi orðið að leggja til grundvallar þá meginreglu að styrkir og hlunnindi kæmu til frádráttar dagpeningum að einhverju eða öllu leyti.

Stefndu byggja á því að dagpeningum samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi sé ekki ætlað að mæta öðru en sannanlegum kostnaði sem starfsmenn hafi á ferðalögum erlendis. Orðalag ákvæðisins um „kostnað“ telur stefndi að verði ekki skýrt öðru vísi en að þar sé átt við þann sannanlega kostnað sem starfsmaður stæði ella straum af úr eigin vasa. Til sömu niðurstöðu leiði reglur þær sem ferðarkostnaðarnefnd hafi sett á grundvelli kjarasamnings aðila.

Eins og nafnið bendi til verði að gera ráð fyrir því að í boðsferðum hafi viðkomandi félagsmenn stefnanda lítinn eða engan kostnað af ferðum til og frá flugvöllum, húsnæði (gistingu) eða fæði. Þau tólf tilvik sem stefnandi byggir varakröfu sína á séu öll að rekja til ferðalaga á árinu 1996. Fyrir liggur í málinu bréf útvarpsstjóra, dags. 19. október 1994, en þar segir:

„Nokkuð er um það, að starfsmenn Ríkisútvarpsins þiggi boð utan- aðkomandi aðila um lengri eða skemmri ferðir vegna starfs síns. Ferðir þessar eru að jafnaði farnar í vinnutíma starfsmanna og Rík- isútvarpið greiðir ferðalöngunum hálfra dagpeninga.

Héðan í frá skulu ferðir þessar eiga sér þann eðlilega aðdrag- anda, að hlutaðeigandi skýri útvarpsstjóra bréfllega frá málinu og leiti samþykkis hans með þeim fyrirvara, sem við verður komið.“

Stefndi heldur því fram að bréf þetta hafi verið kunnugt umrædd- um félagsmönnum stefnanda áður en þeir fóru í ferðirnar á árinu 1996. Það mat Ríkisútvarpsins að greiða hálfra dagpeninga þegar um boðsferðir sé að ræða verði að teljast starfsmönnum almennt mjög hagstætt og umfram skyldu, þegar ekki liggi fyrir reikningar, dag- skrár fyrir ferðir eða annað sem sýndi að starfsmenn hefðu greitt kostnað úr eigin vasa. Við svo búíð hafi verið lagt til grundvallar að í þessum boðsferðum hafi stærstur hluti kostnaðar verið greiddur af viðkomandi gestgjöfum, en dagpeningar þó oft greiddir að hálfu aðra daga en ferðadaga og í sumum tilvikum greitt fyrir gistingu að hluta. Stefndi bendir á að í reglum ferðakostnaðarnefndar um al- menna dagapeninga sé stofnunum sýnilega ætlað nokkurt svigrúm við ákvörðun á því hvað teljast hæfilegir dagpeningar miðað við að- stæður og að þeir taki almennt til þess tíma meðan á dvöl standi. Sé það einnig í samræmi við skoðun stefnanda þess efnis að stefnda sé í sjálfsvald sett að setja starfsmönnum reglur er veiti betri rétt. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram í málinu til stuðnings varakröfu sinni að þargreindir félagsmenn hans hafi haft sjálfir einhvern kostnað sem þeir hafi síðan ekki fengið greiddan í formi dagpen- inga.

Líta verði á sönnunaraðstöðuna í þessu efni, en starfsmönnum eða stefnanda í þessu máli fyrir þeirra hönd standi nær að sanna vanefndir kjarasamnings með því að leggja fram reikninga fyrir kostnaði sem ekki hafi verið mætt með dagpeningum. Slíkum kostnaðarreikningum hafi ekki verið framvísað af viðkomandi fé- lagsmönnum stefnanda. Vegna bréfs útvarpsstjóra frá árinu 1994 og kunnugleika félagsmanna um þá viðmiðunarreglu stofnunarinnar að greiða hálfra dagpeninga í boðsferðum máttu þeir sjá hversu brýnt væri að halda til haga reikningum vegna ýmiss kostnaðar sem í þeirra hlut hefði komið í ferðunum.

Stefndi telur ósannað í málinu og vanreifað hversu stóran hluta

kostnaðar sem dagpeningum sé ætlað að taka til hafi þeir fréttamenn sem málið sé sprottið af þurft að greiða úr eigin vasa. Meðan það sé ekki upplýst telur stefndi óhjákvæmilegt að sýknað verði af kröfum stefnanda þar sem ekki hafi verið sýnt fram á vanefndir kjarasamnings. Einnig skortir á alla reifun um það hvenær dags haldið hafi verið utan eða komið heim, sem hefði áhrif á dagafjölda til ákvörðunar dagpeninga eftir skilningi stefnanda.

Stefndi bendir á að sú viðmiðun Ríkisútvarpsins um að greiða hálfu dagpeninga þegar um boðsferðir sé að ræða sé ekki einhlít regla sem stofnunin hafi sett einhliða gegn ákvæðum kjarasamnings. Sama eigi við þótt ekki hafi verið greiddir dagpeningar fyrir brottferða- og komudaga í slíkum ferðum. Viðmiðunarreglur Ríkisútvarpsins um þetta hafi verið framkvæmdar um árábil og öllum deildarstjórum stofnunarinnar, þ.m.t. fréttastjórum, verið kynntar þær. Reglur þessar hafi Ríkisútvarpið miðað við þegar engin dag-skrá hafi legið fyrir eða aðrar upplýsingar um ferðatilhögun eða ferðakostnað svo að unnt hefði verið að meta dagpeningapörfina. Við þær aðstæður verði að telja sanngjarnt og umfram skyldu að greiddur sé þó helmingur dagpeninga aðra daga en ferðadaga. Kæmu fram reikningar er sýndu að dagpeningar þeir sem greiddir voru hefðu ekki dugað, yrði þeim mætt með greiðslu dagpeninga eftir atvikum að hámarki þeirra.

Stefnandi beri við að túlka skuli umrædd ákvæði kjarasamnings út frá jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár og meginreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stefndi bendir á að samkvæmt 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár sé lagður grundvöllur að samningsfrelsi á vinnumarkaði. Stefndi telur að kjarasamningsákvæði beri að skýra eftir orðalagi sínu og efni og til samræmis við málsástæður stefnda hér að framan. Stefndi telur að skýring kjarasamninga velti ekki á 11. gr. stjórnarsýslulaga, en samkvæmt 3. mgr. 1. gr. sömu laga gildi aðeins II. kafli þeirra um gerð samninga einkaréttar eðlis. Verði að ætla að sama takmörkun á gildissviði stjórnarsýslulaga eigi við um túlkun kjarasamninga og undir Félagsdóm heyri að dæma um skilning þeirra samkvæmt efni sínu. Verði byggt á ákvæðum stjórnarsýslulaga telur stefndi að ekki verði litið fram hjá að framkvæmd Ríkisútvarpsins um uppgjör dagpeninga hafi verið ívilnandi og byggt á málefnalegum sjónarmiðum í ljósi framangreinds.

Varakröfu sína um viðurkenningu á vanefndum stefnda á ákvæð-

um kjarasamnings vegna ferða þar tilgreindra starfsmanna setji stefnandi fram tölulega. Eftir leiðréttingu stefnanda á útreikningi varakröfu sé ekki lengur um að ræða tölulegan ágreining í málinu.

Stefndi telur að þau 12 tilvik sem stefnandi leggi til grundvallar kröfum sínum séu ólík innbyrðis um margt, en kröfur stefnanda séu að sama skapi settar fram án tengsla við einstakar ferðir og því hvaða kostnað hafi átt að greiða. Þar sem reikninga til sönnunar vangreiddum kostnaði vanti í öllum tilvikum áskilur stefndi sér rétt til að koma að frekari mótmælum um hvern lið ef tilefni gefst.

Loks er bent á að fjármálaráðherra hafi ekki að fullu falið Ríkisútvarpinu framkvæmd kjarasamninga, svo sem haldið sér fram af hálfu stefnanda.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

#### *Niðurstaða.*

Í Félagsdómsmálinu nr. 16/1996 sem stefnandi höfðaði á hendur stefnda hafði stefnandi uppi sömu kröfu og í aðalkröfu í þessu máli. Kröfum stefnanda í því máli var vísað frá Félagsdómi 17. janúar sl. með þeim rökum m.a. að krafa stefnanda lyti í meginatriðum að því efnislega að viðurkennd yrðu almenn ákvæði kjarasamnings aðila um dagpeninga og að dómsorð í þá veru sem krafan lyti að myndi ekki eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Frávísunardómurinn var staðfestur í Hæstarétti m.a. með eftirfarandi rökum:

“Með skírskotun til raka Félagsdóms ber að fallast á það að í sóknargögn skorti nákvæma skýringu á ágreiningsefninu með tilliti til ákvarðana nefndarinnar. Þá er ekki gerð grein fyrir því í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum er ábótavant samkvæmt þeim reglum.“

Stefnandi hefur með málatilbúnaði sínum í þessu máli að mestu bætt úr þeim atriðum sem Hæstiréttur færði fram til stuðnings frávísun fyrrnefnds máls. Enda þótt stefnandi sé í raun að krefjast viðurkenningar á gildi ákvæða í kjarasamningi aðila og reglum ferðakostnaðarnefndar verður málinu ekki vísað frá af þeim sökum þar sem stefnandi heldur því fram að Ríkisútvarpið virði ekki þessi ákvæði.

Í aðalkröfu í máli þessu notar stefnandi enn orðalagið „óskertum dagpeningum“ og hefur skýrt það þannig í stefnu að átt sé við að

dagpeningar skuli gerðir upp á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma og að skilgreiningar Ríkisútvarpsins á ferðum sem „boðsferðir“ eða eitthvað annað skipti í því sambandi engu máli. Stefnandi telur stefnda ekki geta einhliða ákveðið aðrar viðmiðanir við uppgjör dagpeninga en þær sem ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið á hverjum tíma þannig að hlutur starfsmanna verði lakari. Með aðilum er því ágreiningur um það hvernig haga skuli greiðslu dagpeninga í svonefndum boðsferðum og túlkun ákvæða kjarasamnings aðila í því sambandi. Orðalag aðalkröfu er því ekki til fyrirstöðu að leyst verði úr þeim efniságreiningi málsins.

Samkvæmt grein 5.6.1. í kjarasamningi aðila ber að greiða ferðakostnað á ferðum erlendis annan en fargjöld með dagpeningum, sem ákveðnir skulu af ferðakostnaðarnefnd samkvæmt grein 5.8. Ferðakostnaðarnefnd starfar eftir reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins nr. 39/1992, sbr. breytingu á þeim reglum með auglýsingu nr. 569/1994. Hefur ferðakostnaðarnefnd ákveðið með umburðarbréfi frá 1. nóvember 1994 hvaða reglur skuli gilda um greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Þar er dagpeningum ríkisstarfsmanna skipt niður í tvær megingtundir, þ.e. almenna dagpeninga og dagpeninga vegna þjálfunar náms eða eftirlitsstarfa. Í 2. gr. reglnanna segir að styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóti meðan á dvölinni stendur skuli koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við eigi og unnt sé að meta hverju sinni. Þá er almennum dagpeningum samkvæmt greininni skipt í dagpeninga vegna gistikostnaðar og annars kostnaðar. Dagpeningar þeir sem ferðakostnaðarnefnd auglýsir eru þannig í raun hámarksdagpeningar sem geta sætt frádrætti eftir því sem við á og hægt er að meta hverju sinni. Er ráð fyrir því gert samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 39/1992 að viðkomandi starfsmaður geri ferðakostnaðarreikning að lokinni ferð.

Í bréfi útvarpsstjóra til framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins dags. 19. október 1994 sem varðar boðsferðir segir m.a. svo: „Nokkuð er um það að starfsmenn Ríkisútvarpsins þiggi boð utanaðkomandi aðila um lengri eða skemmri ferðir vegna starfs síns. Ferðir þessar eru að jafnaði farnar í vinnutíma starfsmanna og Ríkisútvarpið

greiðir ferðalöngunum hálfra dagpeninga.“ Í bréfi fjármálastjóra Ríkisútvarpsins til stefnanda dags. 17. október 1996 er nánari grein gerð fyrir þessari viðmiðunarreglu Ríkisútvarpsins. Þar segir m.a. svo: „Lengi hefur verið stuðst við þá viðmiðunarreglu hjá Ríkisútvarpinu í ferðum sem þessum að greiða „ dagpeninga aðra daga en ferðadaga a.m.k. þegar ekki hafa legið upplýsingar fyrir í upphafi ferðar um þann kostnað sem ferðalangar raunverulega munu þurfa að bera. Tilvist þessarar viðmiðunarreglu rekur rætur til þess að fjármáladeild hefur iðulega skort upplýsingar um ferðatilhögun og ferðakostnað fyrir upphaf ferðar og því ekki haft forsendur til að meta dagpeningaþörfina skv. settum reglum.“

Svo sem að framan er rakið mæla reglur ferðakostnaðarnefndar fyrir um að frá almennum dagpeningum skuli koma til frádráttar styrkir og hvers kyns hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Sú tilhögun af hálfu Ríkisútvarpsins, sem lýst hefur verið, að greiða hálfra dagpeninga vegna tiltekinnar ferða, felur í sér almenna skerðingu á greiðslu dagpeninga, sem ekki á sér stöð í reglum eða ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar. Af fyrirliggjandi gögnum þykir sannað að Ríkisútvarpið hagaði greiðslu dagpeninga í stórum dráttum í samræmi við greinda viðmiðunarreglu sem telja verður brot á greinum 5.6. og 5.8. í kjarasamningi aðila.

Í 5. gr. reglna nr. 39/1992 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, eins og þeirri grein var breytt með 2. gr. auglýsingar nr. 569/1994, er eftirfarandi tekið fram: „Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta og ferðadaga (brottfarar- og komudagur meðtalinn)“. Samkvæmt því er það einnig andstætt reglum um greiðslu ferðakostnaðar að greiða ekki dagpeninga á ferðadögum, sem fyrir liggur að Ríkisútvarpið hefur ekki gert.

Samkvæmt framansögðu þykir mega skýra aðalkröfu stefnanda svo að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995 rétt á dagpeningum í samræmi við ákvarðanir og reglur ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma, þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skuli dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur. Ber að taka viðurkenninga-kröfu stefnanda þannig breytta til greina, enda verður ekki talið að



vandkvæði við uppgjör ferðakostnaðar standi þeirri niðurstöðu í vegi. Af því leiðir að varakrafa stefnanda kemur ekki til álita í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að þeir félagsmenn stefnanda sem starfa hjá Ríkisútvarpinu eigi samkvæmt grein 5.6. í kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995 rétt á dagpeningum í samræmi við ákvarðanir og reglur ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma, þegar þeir fara til annarra landa á vegum stofnunarinnar, og skulu dagpeningar greiddir fyrir tímabilið frá því utanför hefst og þar til heimferð lýkur.

Málskostnaður fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i Guðmundar Skaftasonar.

Aðalkrafa málsins er hin sama og vísað var frá með úrskurði Félagssdóms 17. janúar sl., þar sem málaltilbúnaður fullnægði ekki skilyrðum laga um meðferð einkamála nr. 91 1991, sbr. 1. mgr. 25. gr. og d-, e- og f- liða 1. mgr. 80. gr. Úrskurðurinn var staðfestur í Hæstarétti 4. febrúar sl. Var litið svo á að stefnandi krefðist almenns álits dómsins um ákvæði varðandi dagpeninga, en aðilar virtust sammála að efni greinar 5.6. í kjarasamningi þeirra þannig að dagpeningar skuli ákveðnir af nefnd samkvæmt grein 5.8. í samningnum. Dómsorð í þá veru sem krafan lyti að myndi ekki eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til lykta. Ekki væri heldur gerð grein fyrir því í hverju framkvæmd Ríkisútvarpsins um dagpeninga í boðsferðum væri ábótavant samkvæmt framangreindum reglum. Þá væri heldur ekki gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda hafi í tilvikum sem um ræddi orðið sjálfir að bera ferðakostnað sem dagpeningum var ætlað að mæta. Úr framanrituðum ágöllum hefur ekki fengist nægilega bætt og ber því að vísa henni frá dómi ex officio með vísan til áðurgreindra ákvæða í lögum um meðferð einkamála. Jafnframt tekur minnihluti fram að hann telur varakröfu málsins dómhæfa og hún eigi að fá efnislega úrlausn, en með því að

meirihluti hafi lagt efnisdóm á aðalkröfuna komi varakrafan ekki frekar til álita. Við þessar aðstæður telur minnihluti að sér beri að taka efnisafstöðu til aðalkröfunnar.

Varðandi lýsingu málavaxta skal tekið fram:

Samkvæmt kjarasamningi aðila frá 15. maí 1995, sbr. kjarasamning frá 1. febrúar 1987 til 31. desember 1988, skal greiða ferðakostnað á ferðalögum erlendis, annan en fargjöld, með dagpeningum sem skulu ákveðnir af sérstakri ferðakostnaðarnefnd. Þann 1. nóvember 1994 gaf nefndin út umburðarbréf um greiðslu dagpeninga til ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Í bréfinu segir í lið I. 2.

„Styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skulu koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Til grundvallar skulu liggja annars vegar dagpeningar vegna gistikostnaðar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar og hins vegar eftirfarandi hlutfallsleg skipting á öðrum kostnaði:

- a) Fæði 70%
- b) Annar kostnaður 30%.

Heimilt er að víkja frá þessari viðmiðun ef unnt er að sýna fram á að önnur hlutfallsleg skipting falli betur að aðstæðum í viðkomandi borg/landi.“

Telja verður að ákvæði þessi hafi næga stöð í kjarasamningi málsaðila.

Um framkvæmd og skýringu á viðmiðunarreglu Ríkisútvarpsins segir í bréfi frá fjármálastjóra þess til stefnanda frá 17. október 1996, dskj. nr. 23:

„Nokkuð tíðkast að fréttamenn fari ferðir á vegum Ríkisútvarpsins og sem fréttamenn þess, en fyrirtæki, samtök eða alþjóðastofnanir eiga frumkvæði að ferðinni og greiða ýmist allan kostnaðinn eða hluta hans. Þegar svona háttar er auk fargjaldsins gistikostnaður nær undantekningalaust greiddur. Skv. reglum ferðakostnaðarnefndar er afdráttarlaust, að sá hluti dagpeninga sem ætlað er að mæta gistikostnaði á þá ekki að greiðast. Hið sama gildir ef ferðatilhögun ráðgerir að fréttamenn þurfi ekki að kaupa sér fæði, þá ber að lækka dagpeningagreiðslur sem því nemur, skv. tilvitnuðum ákvæðum.“

Og í sama bréfi segir ennfremur:

„Lengi hefur verið stuðst við þá viðmiðunarreglu hjá Ríkisútvarpinu í ferðum sem þessum, að greiða 1/2 dagpeninga aðra daga en ferðadaga, a.m.k. þegar ekki hafa legið upplýsingar fyrir í upphafi ferðar um þann kostnað sem ferðalangar raunverulega munu þurfa að bera. Tilvist þessarar viðmiðunarreglu rekur rætur til þess að fjármáladeild hefur iðulega skort upplýsingar um ferðatilhögun og ferðakostnað fyrir upphaf ferðar og því ekki forsendur til að meta dagpeningapörfina skv. settum reglum. Reglunni er hins vegar ekki ætlað að koma í veg fyrir beitingu meginreglunnar, heldur var farið að beita henni þegar ítrekað hafði skort á að nægjanlegar upplýsingar væru lagðar fram og í tíma, en dagpeningaumsóknir eru því miður stundum lagðar fram svo seint að enginn kostur er að fara yfir málið með þeim hætti sem ætlast er til og reglur ráðgera.“

Sami bréfritari segir í bréfi til fréttastjóra Sjónvarps dagsettu 6. september 1996, dskj. nr. 21, eftirfarandi:

„Með bréfinu til fréttamanna sendi ég umburðarbréf útvarpsstjóra frá 19.10.1994 en í því segir m.a.:

„Héðan í frá skulu ferðir þessar eiga sér þann eðlilega aðdraganda, að hlutaðeigandi framkvæmdastjóri skýri útvarpsstjóra bréflaga frá máli og leiti samþykkis hans með þeim fyrirvara, sem við verður komið.“

Ég leyfi mér að fullyrða, að á þeim tæplega 2 árum sem liðin eru frá þessari tilskipun, hafi engin slík greinargerð komið. Það hefur sem sagt alltaf vantað þann grunn, sem byggja mætti á við ákvörðun dagpeninga fyrir einstakar ferðir. Þetta hefur miklu ráðið um árekstrana.“

Þessari lýsingu málavaxta fjármálastjórans hefur ekki verið hnekk. Hún hefur einnig stoð í gögnum málsins um greiðslu gisti-kostnaðar og annars ferðakostnaðar að hluta. Þykir því eiga við hana að miða.

*Niðurstaða:*

Ágreiningur málsins lýtur að greiðslu dagpeninga fyrirfram. Góð venja í slíkum viðskiptum felur í sér að þeir eru greiddir að álitum hverju sinni eða eftir einhverri viðmiðunarreglu eins og Ríkisútvarpið hefur gert. Starfsmaður er síðan skuldaður á viðskiptareikningi fyrir fyrirframgreiðslunni og ferðakostnaðurinn síðan gerður upp að ferð lokinni.

Í áðurgreindum frávísunarúrskurði Félagsdóms segir, að ekki sé gerð grein fyrir því hvort félagsmenn stefnanda sjálfir hafi í tilvikum sem um ræðir orðið að bera kostnað sem dagpeningum sé ætlað að mæta. Á það sama við enn.

Vegna ákvæðis um frádrátt styrkja og hvers konar hlunninda í t.l. I.2. í umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar frá 1. nóvember 1994 verður ekki séð að félagsmenn stefnanda eigi fyrirfram rétt til almennra dagpeninga óskertra eins og aðalkrafan sýnist hljóða um. Því er Ríkisútvarpinu rétt og skylt að meta þessa liði til frádráttar. Viðmiðunarregla þess fer því ekki í bága við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar. Ber því að sýkna af aðalkröfunni.

Niðurstaða minnihluta er sú í heild sinni að vísa beri aðalkröfu frá en dæma varakröfu efnislega, en að öðrum kosti að sýkna af aðalkröfu.

---